



FJARÐABYGGÐ

Frístundaleiðbeinandi við sumarfrístundar í Fjarðabyggð

# STARFSLÝSING

**Yfirmaður:** Forstöðumaður tómstunda- og frístundamála  
**Stofnun / Deild:** Íþróttá- og tómstundamál

## 1. Stjórnskipun, ábyrgð markmið og meginviðfangsefni

Starfið heyrir undir tómstunda- og frístundastjóra og er starfsmaður ábyrgur í störfum sínum gagnvart honum. Starfsmaður vinnur náið með forstöðumanni sumarfrístundar og sér um að framfylgja gildandi skipulagi sumarfrístundar.

## 2. Helstu verkefni

- Gefa börnum tækifæri til að stunda heilsusamlega hreyfingu og þroskandi leiki jafn úti sem inni.
- Leiðbeina börnum í leik og starfi.
- Hjálpa börnum í sumarfrístund við að skipuleggja og framkvæma verkefni við hæfi.
- Aðstoða börn í kaffitímum.
- Að hafa hag barnanna að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.
- Að hafa jafnrétti barnanna að leiðarljósi.
- Gæta skal fyllsta öryggis í vinnu með börn í sumarfrístund og forðast þær aðstæður sem reynst geta þeim hættulegar.
- Þagnarskylda gildir um öll mál sem starfsmenn verða áskynja í starfi sínu og gildir sú þagnarskylda þótt látið sé af störfum.

### 2.1. Samskipti

- Við forstöðumann sumarfrístundar og tómstunda- og frístundastjóra.
- Við aðra starfsmenn sumarfrístunda.
- Við forráðamenn barna í sumarfrístund.
- Við íþróttafélög og aðra sem bjóða upp á námskeið eða æfingar fyrir börn á þessum aldri.
- Við utanaðkomandi ráðgjafa.

### 2.2. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem að tómstunda- og frístundastjóri felur starfsmanni.

## 3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

### 3.1. Menntun og reynsla

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum.
- Hreint sakavottorð.

### 3.2. Hæfnisþættir

- Frumkvæði og sjálfstæði.

- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og dugnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni

Fjarðabyggð, 8. mars 2021

---

Frístundaleiðbeinandi við sumarfrístund

---

Forstöðumaður tómsunda- og frístundamála